

## Til hamingju með daginn félagar

Á baráttudegi verkalyðsins er hollt að horfa út fyrir túngarðinn og til alls heimsins.

Umræða dagsins í dag mótast stöðugt meira af umhverfissjónarmiðum þar sem undirtónninn er að við þurfum að horfa til lengri tíma þegar kemur að ákvörðunum sem varða umhverfismál. Með sama hætti þurfum við að forðast að lenda í þeirri stöðu að ekki megi nýta náttúruauðlindir landsins. Hér verður samfélagið að finna leið að niðurstöðu um hvernig við getum nýtt á sem bestan máta þær ótrúlegu auðlindir sem Ísland býr yfir í sem mestri sátt við samfélagið. Vatnið, fallvötnin, orkuna í jörðu, náttúruna, fiskimiðin og nú síðast vindorkuna sem eru allt náttúruauðlindir og uppspretta að þjóðarauð ef rétt er á haldið. Í leiðinni liggja í þessum auðlindum sóknarfæri í sköpun nýrra starfa, möguleika sem við þurfum að nýta sem best í dag.

Við erum hér stödd á Ísafirði við ein gjöfulustu fiskimið heimsins við túnfótinn. Hér á Vestfjarðamiðum eru skilyrði til að reka einhverjar arðbærustu fiskveiðar í heimi. Það er ekki óeðlilegt að hér sé einmitt spurt af hverju menn deili enn um arðinn af fiskveiðiauðlindinni og deili enn um fiskveiðstjórnunarkerfið þrjátíu árum eftir að það var fyrst sett. Auðvitað á fiskveiðisstjórnun á að vera stöðugt til skoðunar. Því var það nóturlegt að sjá hvernig alþingismenn sundruðust í þessa stóra máli þar sem sjónarmið stórútgerða urðu ofaná.

Í stjórnarskrármálinu var sýn almennings alveg skýr þegar kom að eignaréttinum á auðlindunum. Það var hlutverk alþingismanna að skapa sátt í þessa stóra máli en ekki síst um eðlilega arðgreiðslur til þjóðarinnar. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá er það skoðun landsmanna, sem endurspeglast í atkvæðagreiðslunni um stjórnarskrármálið að þjóðin eigi að njóta meiri ávinnings af

sjávarútvegsauðlindinni. Það var síðan og er stjórnámálmannanna að finna þessum þjóðarvilja farveg í lögum og stjórnarskrá. Það tókst ekki í vetur, því miður.

Á Vestfjörðum eru framleidd matvæli sem send eru heimshornanna á milli. Undafarnar vikur höfum við orðið áþreifanlega minnt á að búið er að gera matvæli að féþúfu óvandaðra fyrirtækja, einstaklinga og glæpasamtaka. Matvara sem samkvæmt innihaldslýsingu á að vera nautakjöt en reynist vera hrossakjöt. Alls kyns merkingar um kjötinnihald eru merkingarlausar þar sem dýrari vara er drýgð með ódýrara hráefni. En alvarlegast er að börn og fullorðnir sem haldnir eru lífshættulegu ofnæmi geta ekki lengur treyst þeim upplýsingum sem fram koma á pakkingum. Hugsum okkur þann skaða sem fiskútflutningur landsmanna yrði fyrir ef þetta gerðist á okkar útflutningsvörum.

Við þessu er bara eitt ráð - ein skilaboð:

- **Refsum þeim aðilum sem verða uppvísir af slíkum brotum með því að hætta að kaupa allar vörur frá viðkomandi.**
- **Setjum bann á slíka aðila og tryggjum að menn hugsi sig um tvisvar áður en þeir gera okkur að féþúfu eða ógni lífi okkar.**
- **Félagar, Vestfirðir hafa um langan aldur verið matarkista Íslendinga. Látum ekki verðfella gæði matvælnanna með þessum hætti. Sendum skýr skilaboð.**

Góðir félagar,

Þegar við komum saman á 1. maí, baráttudegi verkalýðsins þá komum við saman til þess að gera upp liðinn tíma en þó fyrst og fremst til þess að horfa til framtíðar. Undangengin ár hafa verið eins og í störfum rústabjörgunarmanna þar sem verkefnin hafa verið yfirþyrmandi. Tilfinningin hefur enga síður verið sú að þar sem heildar

yfirsýnina vantaði þá yrðu óhjákvæmilega teknar rangar ákvarðanir sem mundu leiða til þess að endurreisnin yrði erfiðari.

Í dag næstum fimm árum frá hruni kallar allt samfélagið ennþá eftir lausnum eða fjármunum til þess að búa til lausnir.

Nú þegar niðurstaða kosninganna liggja fyrir er ljóst að loforð um leiðréttingu á skuldavanda heimilanna og lækkun skatta á fyrirtæki og almenning hefur ráðið vali almennings á flokkum. Ljóst er að það verður stórt verkefni hjá verðandi stjórnarflokkum að uppfylla þessi loforð og þá ekki síður ef samstarflokkurinn krefst mikilla skattalækkana á sama tíma og á að dæla hundruðum milljarða út í hagkerfið. Miklar skattalækkunir á sama tíma og leitað verður samningaleiða til þess að ná fram 350 milljarða króna hlut fyrir íslensk heimili í samningaviðræðum við Vogunarsjóði geta bæði tekið tíma og reynst erfitt til framkvæmda. Gangi þessir hlutir enga síður eftir verður ekki síst flókið verkefni að tryggja að þessi ávinningur leiði ekki til stórfelldrar verðbólgu í samfélaginu. Verðbólgu sem mun bitna á öllum hvort sem þeir fá leiðréttingu sinna mála eða ekki.

**Það voru hinsvegar fjöldi stórra mála sem fengu nánast enga umræðu í kosningunum og við hljótum að gera kröfu um að verði ekki sópað undir teppið.**

Öryrkjar, lífeyrisþegar, og fólk án atvinnu telur með réttu að ríkið hafi ekki staðið við sinn hlut af samkomulagi sem var gert við samþykkt síðustu kjarasamninga. Það lá fyrir formlegt loforð að greiðslur til þeirra yrðu leiðréttar með sambærilegum hætti og annarra á vinnumarkaði. Þetta loforð var svikið.

Því sárara varð höggið þegar ljóst var að alþingsmenn myndu ekki koma í gegn nýju frumvarpi um almannatryggingar fyrir þinglok þrátt fyrir almenna samstöðu um málið innan þingsins og ljóst var að það eitt

hefði lagað stöðu þessara hópa. Þar hefðu verið tekin fyrstu skrefin í að minnka tekjutenginu milli lífeyrirskerfisins og almannatrygginga.

**Við gerum þá kröfu til stjórnvalda og nýkjörinna alþingismanna að bæturnar verði hækkaðar og frumvarp að nýjum almannatryggingalögum verði sett í algjöran forgang á nýju þingi.**

**Það er krafa öryrkja**

**Það er krafa ellilífeyrisþega**

**Það er krafa þessa fundar hér í dag**

### **Norræna velferðarkerfið?**

Síðustu daga hafa verið að birtast niðurstöður skoðanakannana þar sem fram kemur að um 32% fólks frestar eða hættir við að fara til læknis vegna fjárskorts sem má beint rekja til aukins kostnaðar í heilbrigðiskerfinu. Í annarri könnun kemur fram að yfir 90% almennings treystir ríkinu best til þess að reka heilbrigðiskerfið. Í þessari sömu könnun kemur fram að almenningur telur að heilbrigðiskerfið og kostnaður sem hlýst af því að sækja þessa þjónustu eigi að vera greitt að almannafé.

Kaupmáttur almennings hefur dregist saman um tugprósenta. Þó kaupmáttur allra lægstu launa hafi verið varinn að mestu þá hefur sá hópur ekki síður komið illa út úr þessu tímabili vegna hækkandi leigukostnaðar og greiðsluferfiðleika. Húsnæðisvandi almennings er ekki bara vandi þeirra sem keypt hefur húsnæði. Hann er ekki síður vandi þeirra sem eru á leigumarkaði.

Því hefði maður talið að umræðan í aðdraganda kosninganna hefði ekki síst átt að snúast um þetta risastóra verkefni að tryggja að almenningur hefði aðgengi að heilbrigðiskerfi án langra biðraða og almenningi að kostnaðarlausu.

Að umræðan hefði snúist um lágtekjufólk sem á í stórfelldum greiðsluferfiðleikum.

Hvernig mætti leysa úr vanda þeirra sem búa við örbirgð.

Hvernig hægt verði að mæta vanda þeirra sem eru á leigumarkaði og njóta einskis stuðnings frá því opinbera þar sem núverandi húnæðisbótakerfi nær eingöngu til námsmanna og öryrkja.

Hvernig það mátti gerast að umræðan um skuldavandann skyldi öll snúast um loforð um allsherjalousn fyrir alla þegar fyrir lá að aðgerðir eins og 110% leiðin skilaði skuldsettu hátekjufólki sem var ekki í greiðsluvanda margfallt hærrí niðurfellingu skulda en öðrum hópum.

Hvernig mátti það gerast að umræðan hefur í fjögur ár nær eingöngu snúist um flatan niðurskurð lána, þegar ljóst er að hluti þjóðarinnar á í skuldavanda og ekki er reynt að greina hvers eðlis sá skuldavandi er. Á meðan hafa stórir hópar sem glíma við greiðsluvanda eins og leigjendur og lágtekjuhópar ekki fengið rými í umræðunni.

Við gerum þá kröfu:

- **Að leysa úr skuldavanda unga fólksins sem keyptu sína fyrstu íbúð í aðdraganda hrunsins.**
- **Að leyst verði úr vanda þeirra sem búa við okurleigu á leigumarkaði.**
- **Að þeir fjármunir sem við munum fá til ráðstöfunar í uppgjöri bankanna verði notaðir til þess að leiðrétta stöðu heimila sem eiga í raunverulegum vanda en ekki vanda stóreignafólks.**

Staðreyndir úr skýrslum Seðlabanka Íslands sýna svart á hvítu að allt of hár hluti skuldaleiðréttinga hefur ekki lent hjá láglaunahópum. Þvert á móti hefur hátekjufólkið sem keypt hafði stórar eignir fengið allt of stóran hluta af skuldalækkun bankanna. Nú að nýafstöðnum kosningum hafa líklegir stjórnarflokkar gefið stór kosningarloforð þar

sem vantar alla frekari útfærslu á hvernig staðið verður að framkvæmd þeirra.

Því hljótum við að spyrja?

- **Á enn og aftur að dreifa fjármunum til þeirra sem mest höfðu fyrir og skilja þá eftir sem minnstu eignirnar áttu en glíma við alvarlegan greiðsluvanda vegna reksturs heimilanna.**
- **Á enn og aftur að skilja eftir allan þann stóra hóp sem glímir við okurleigu á húsnæðismarkaði samhliða erfiðum greiðsluvanda?**
- **Á enn og aftur að breyta skattkerfinu með því að hækka álögur á lægstlaunuðu hópana?**

Við krefjumst þess að fá svör við þessum knýjandi spurningum. Það sem þarf að gera er að skilgreina hópana sem eru í mesti þörfinni og forgangsröð verkefna.

### **Atvinnuleysi**

Í dag glímir almenningur um land allt við atvinnuleysisdrauginn. Vissulega er það svo að mælingar atvinnuleysis mælist hvað mest á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Eins og svo oft áður segja tölur ekki alla söguna. Mælingar sýna aldrei alla þá sem hafa flutt á brott úr sinni heimabyggð vegna þess að þar var enga vinnu að fá. Hversu margir hafa fullnýtt bótarétt sinn og eru komnir á framfærslu sveitafélaganna? Hversu margir eru þeir sem eiga hvergi rétt og mælast ekki inn í neinum tölum? Hversu margir eru farnir úr landi og munu ekki koma heim fyrr en atvinna fer að aukast og lífskjör verða sambærileg og á Norðurlöndunum. Hversu lengi þurfum við að bíða þar til samfélagið allt snýr bökum saman og markar sér skýra stefnu í atvinnu og uppbyggingarmálum? Því án atvinnu er engin uppbygging.

Því hlýtur krafa dagsins að vera:

- **Kaupmáttur, atvinna, velferð**
- ***Vinna er mannréttindi***
- ***Vinnu fyrir alla***

Að lokum þetta.

Í komandi kjarasamningum er verkalýðshreyfingin tilbúin að koma að lausnum sem leiða til uppbyggingu atvinnulífsins og skapa fleiri störf. Við erum tilbúin að ræða um samstöðu sem byggir á breiðum grunni þar sem meginmarkmið verði að auka kaupmátt sem hluta af eflingu hagkerfisins. Við erum tilbúin að koma að lausnum sem snúa að húsnæðismarkaðnum hvort sem það er með því að eiga eða leigja húsnæði byggt á tillögum ASÍ. Við viljum vinna að lækkun verðbólgu með virku verðlagseftirliti þar sem samningsaðilar skrifa undir og framkvæma það með okkur að þetta séu meðal meginmarkmiða samninganna.

En við erum ekki tilbúin að koma neinum heildarlausnum með samningsaðilum sem ekki koma fram að fullum heilindum eða draga lappirnar í því erfiða verkefni sem er framundan.

Innihald samninganna hlýtur að byggja á kröfu dagsins í dag

**„Kaupmátt, atvinna, velferð“**

Sameinumst um að hrinda þessum kröfum okkar í framkvæmd.